

**Ed.**

### **390 Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 45 31. maí 1927, um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

#### **1. gr.**

1. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita „Hestamannafélaginu Fákí“ í Reykjavík og „Sjómannadagsráðinu“ í Reykjavík leyfi til þess að reka veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður, með skilyrðum, er ákveðin verði í reglugerð.

Áskilja skal í reglugerðinni, að 10% af hagnaði félagsins „Fáks“ af starfsemi þessari skuli varið til reiðvegjar Reykvíkinga, og 75% af hagnaði, er verður af kappróðri „Sjómannadagsráðsins“, er fari fram á sjómannadaginn, renni til sjóminjasafns.

#### **2. gr.**

Við fyrirsögn laganna bætist: og kappróður.

#### **3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.